

Dags. fundar: 19. apríl 2010	Tími: 17:30	Nr. fundar: 4
Fundarboðari: Svanhvít G. Jóhannsdóttir.	Fundarritari: Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir	Staður: Laugardalslaug.

Efni fundar:

1. **IMOC - starfsmannamál**
2. **Sundknattleikur**
 - a) **Mót 1. maí**
 - b) **Starfsmannamál**
 - c) **Sundknattleiksdómarar**
3. **Störf dómara erlendis**
 - a) **Skoða kostnaðaráætlun og vinna út frá henni**
 - b) **Verklagsreglur**
4. **Dómaralistar – punktasöfnun o.fl.**
5. **Mótaskýrslur**
 - a) **Frágangur úrslita til SSÍ – ábótavant frá félögum**
 - b) **Mótaskýrslur – koma ekki með úrslitum**
 - c) **Léleg skil á úrslitum móta til SSÍ – skilist 7 dögum eftir mót.**
6. **Önnur mál.**
7. **Næsti fundur**

Viðstaddir: Svanhvít G. Jóhannsdóttir, Ólafur Baldursson, Gunnlaugur Þráinsson og Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir, Ragnhildur Guðjónsdóttir og Þröstur Valdimarsson.

Boðaði forföll: Birna Björnsdóttir.

Dagskrá:

1. IMOC verður haldið á Siglufirði 1. maí n.k. Beiðni um starfsmenn á mótið er farin frá Gunnlaugi til Ingigerðar og verður líklega send út á næstu dögum. Gunnar verður yfirdómari og Ólafur ræsir.
2. Sundknattleikur.
 - a) Mót 1. maí
 - b) Engir íslenskir sundknattleiksdómarar eru starfandi en á mótið koma dómarar frá Hollandi.
 - c) Sent verður út, í gegnum SSÍ, erindi þar sem sunddómurum verður bent á að þeir geta fylgst með mótinu með það í huga að læra að dæma leikinn. Gaman að vita

hvort áhugi væri fyrir hendi á námskeiðshaldi til að læra til sundknattleiksdómara með erlendum leiðbeinendum til að byrja með.

3. Störf dómara erlendis.

Svanhvít og Ólafur vinna þetta f.h. nefndarinnar.

4. Listinn er á góðu róli. Svanhvít er búin að yfirfara allt og stemma stöðun við þau mót sem búið er að skila yfir. Ingibjörg og Svanhvít vinna listann áfram eftir því sem upplýsingar berast.

5. Mótaskýrslur.

- a) Frágangi þeirra er mjög oft ábótavant. Úrslit skila sér stundum ásamt strimli úr sjálfvirkum tímatökubúnaði, upprúlluðum í poka, ekki heftur við úrslitin og strimillinn ekki aðgreindur milli greina.
- b) Mótaskýrslur koma oft ekki með úrslitum svo engin leið er að vita hvaða starfsmenn unnu á mótinu sem er mjög bagalegt þegar dómara nefnd sér um að halda stigum dómara saman.
- c) Og skili sér gögn er það alltof seint hjá sumum félögum. Enn hefur t.d. ekki verið skilað úrslitum eða mótaskýrslu yfir páskamót SH þar sem Hrafnhildur náði lágmarki fyrir HM en það lágmark er óstaðfest þar sem gögn yfir mótið hafa ekki skilað sér. Því miður er þannig með alltof mörg mót að gögnum er ekki skilað eða frágangur lélegur. Ragnhildur mun gera gátlista yfir hvað þarf að vera til staðar þegar gögnum um mót er skilað inn til SSÍ, sá gátlisti verður settur á vef SSÍ til aðgengis fyrir alla.

6. Önnur mál.

- a) Svanhvít mun senda á yfirdómara ítrekun á að yfirdómari í hverjum mótshluta taki fram að dómara yfirgefi ekki mót fyrr en að loknum tæknifundi í lok mótshluta.
- b) Sundreglur eru í þýðingu. Endurmenntunarnámskeið og námskeið verða haldin í maí. Námskeið fyrir nýja dómara verður haldið í tengslum við Sparisjóðsmót ÍRB 14.-16. maí, bóklegt námskeið verður 10. og 11. maí í Reykjavík eða Hafnarfirði
- c) Þessi fundur er fyrsti fundur sameinaðra Dómara- og mótanefnda. Ragnhildur og Þröstur koma á fundinn úr Mótanefndinni. Reynt verður að fá fleira fólk til starfa í nefndinni en þessi nefnd mun vinna saman að uppsetningu SSÍ móta ásamt tæknifólki á hverju móti ásamt fleiru.
- d) Gunnlaugur sýndi nefndinni nýja ógildingarseðla sem nefndin leggur til að fari í gagnið og verði sett inn á vefsíðu SSÍ með aðgengi fyrir alla. Gunnlaugur mun einnig ræða við Jón Hjaltason dómara um áður send talningarblöð en þau óskaði nefndin eftir lítilsháttar breytingum á áður en þau færu í notkun. Þau þyrftu einnig að fara á vefsíðu SSÍ.

- e) Svanhvít mun athuga hönnunarstöðuna á nýjum starfsmannaskírteinum dómara en beðið hefur verið eftir að nýtt merki SSÍ liggi fyrir, til að leggja lokahönd á hönnunina.
- f) Svanhvít sagði nefndinni undan og ofan af ráðstefnu dómara sem hún fór á í Singapore í apríl. U.þ.b. 200 manns sóttu ráðstefnuna frá nærri 80 löndum.

7. Svanhvít mun sjá um að boða til næsta fundar.

Verkefni ákveðin á fundinum:

<i>Verkefni</i>	<i>Ábyrgur</i>	<i>Ljúkist fyrir</i>
Störf dómara erlendis	SJ og ÓB	Sem fyrst
Gátlisti fyrir frágang á mótagögnum	RG	Sem fyrst
Bréf á yfirdómara vegna tæknifunda í lok mótshluta	SJ	Sem fyrst
Laga talningablað	GÞ	Sem fyrst
Ný starfsmannaskírteini	SJ	Sem fyrst
Erindi til dómara vegna sundknattleiks	SJ	Sem fyrst
Ógildingaseðil, talningablað og gátlista á vef.		Eins fljótt og þau skjöl liggja fyrir

Fylgiskjöl: Engin.

Fundi slitið kl: 18:45

Næsti fundur: Verður boðað til hans.